

Föstudaginn 19. maí 1944.

Nr. 3/1944. **Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands (Ragnar Ólafsson hrl.).

Varadómarrar Sigtryggur Klemenzson fulltrúi, Sigurgeir Sigurjónsson hrl. og Sigurjón Jónsson í stað Gunnlaugs E. Briems fulltrúa, Sigurjóns Á. Ólafssonar alþm. og Jóns Ásbjörnssonar hrl.

Mál út af lögsmæti verkfalls, er Alþýðusamband Íslands boðaði til.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 4. þ. m., af Geir G. Zoëga vegamálastjóra f. h. ríkisstjórnar Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Í aprilmánuði síðastliðnum fóru fram samningaumleitarnir milli vegamálastjóra f. h. ríkisstjórnarinnar annars vegar og samninganefndar frá Alþýðusambandi Íslands hins vegar um kaup og kjör við vinnu í vega- og brúagerð um land allt á komanda sumri. Þann 13. apríl ritar alþýðusambandið sambandsfélögunum úti um land bréf þess efnis, að þar sem hugsanlegt sé, að ekki náist samningar við ríkisstjórnina um kjör í nefndri vinnu hafi sambandsstjórn ákveðið að tilkynna henni vinnustöðvun með löglegum fyrirvara og leggur fyrir félögin að hefja vinnustöðvun í vega- og brúagerðavinnu frá og með 3. maí, ef sambandsstjórn hafi ekki fyrir þann tíma tilkynnt samkomulag í útvarpinu.

Þann 24. apríl tilkynnir svo stefndi ríkisstjórninni, að samninganefnd alþýðusambandsins hafi, á fundi miðstjórnar sambandsins þann 16. s. m., verið veitt heimild til þess að ákveða og hefja vinnustöðvun við vega- og brúagerð, svo og vita- byggingar, um land allt þann 3. maí n.k., ef samningar um kaup og kjör við þá vinnu hefðu ekki tekizt fyrir þann tíma. Jafnframt var tekið fram, að samninganefndin hafi ákveðið að nota þessa heimild, og muni verkamenn því ekki koma til vinnu að morgni þess 3. maí n. k., ef samningar verði þá ekki komnir á.

Samningar tókust ekki og hófst verkfall svo sem boðað hafði

verið 3. þ. m. Ríkisstjórnin vildi ekki viðurkenna lögmæti þess. Höfðaði hún því mál þetta svo sem að framan greinir og gerir þær dómkröfur, að framangreind vinnustöðvun verði dæmd ólögmæt og stefndi dæmdur til þess að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Jafnframt hefur stefnandi áskilið sér rétt til þess að koma fram með skaðabótakröfu í sérstöku máli.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi (Alþýðusamband Íslands) hafi ekki að lögum haft sjálfstæða heimild til þess að boða og hefja vinnustöðvun, eins og hér var gert. Hér standi svo á, að fjöldi manna, sem stundi vega- og brúagerðavinnu, séu ekki félagsmenn í verklyðsfélögunum og hafi stefndi því ekki haft neina heimild frá þeim, til þess að boða verkfall. En auk þess brjótí það algerlega í bága við ákvæði 15. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, að stefndi geti fyrirskipað og hafið vinnustöðvun á þann hátt, sem hér hafi átt sér stað. Telur hann, að ljóst sé af nefndri grein, að ákvörðun um vinnustöðvun verði að hafa verið tekin í verklyðsfélögunum sjálfum á þann hátt, er í nefndri grein getur, og geti þau ekki framselt þann rétt sinn, þó þau að venjulegum hætti geti gefið öðrum umboð til samninga fyrir sína hönd. Heldur stefnandi því fram, að til þess að verkfall þetta hefði getað orðið löglegt, hefði þurft að taka ákvörðun um það í hverju einstöku verklyðsfélagi á þann hátt, er nefnd 15. gr. kveður á um. Þetta hafi ekki verið gert, heldur hafi stefndi hafið vinnustöðvun þessa upp á sitt eindæmi, og sé hún því ólögleg.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stjórn alþýðusambandsins hafi haft rétt til þess að ákveða og hefja vinnustöðvun svo sem gert var. Kveður hann það hafa verið venju allt frá árinu 1934, að hann semdi í einu lagi um kaup og kjör í vega- og brúagerð um land allt. Þá hafi stjórn alþýðusambandsins beinlínis verið falið, á alþýðusambandsþinginu 1942, að semja við ríkisstjórnina um kjör í greindri vinnu. Hafi þar ekki verið um venjulegt umboð að ræða til sambandsstjórnar, heldur hafi hún eða alþýðusambandið fengið mál þessi að öllu leyti í sínar hendur, og þar með orðið sjálfstæður samningsaðilji, með rétti til að semja og gera verkfall, ef til kæmi. Samnings- og verkfallsrétturinn hafi að þessu leyti verið tek-

inn af verklyðsfélögunum og lagður í hendur stefnda, en rétturinn til þess að gera samninga og til að hefja og fyrirskipa vinnustöðvanir verði hér ekki skildar að. Hafi því alþýðusambandið rétt til þess samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 að gera verkfall. Þessa samningsaðild hafi og ríkisstjórnin viðurkennt með því að semja við stefnda s.l. ár, eftir að hann þá hafði boðað vinnustöðvun með sama hætti og nú. Sams konar viðurkenning telur stefndi einnig að felist í því, að 1934 hafi þáverandi ríkisstjórn samið við stefnda, eftir að gert hafði verið verkfall á sama hátt og nú. Þá telur stefndi, að það sé bæði eðlilegt og sjálfsagt, að hann hafi verkfallsrétt, að því er umrædda vinnu snertir, því ef svo væri ekki, væri verkfallsrétturinn að því er hana varðar í raun og veru tekinn af verklyðsfélögunum, því lítt framkvæmanlegt væri að koma við atkvæðagreiðslu samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 í öllum þeim félögum, er hér eiga hlut að máli.

Einnig heldur stefndi því fram, að áður en lög nr. 80/1938 voru sett, hafi verið komin á sú venja, að alþýðusambandið gæti fyrirskipað og hafið verkfall. Hefði því þurft að taka það sérstaklega fram, ef sú hefði verið ætlun löggjafans að svipta það slíkum rétti. Verði því að álykta, m. a. með hliðsjón af 18. gr. laganna, að það hafi enn þenna rétt og geti 15. gr. nefndra laga því ekki átt við í þeim tilfellum, er samband gerir verkfall, því reglur þessarar greinar eigi aðeins við um stéttarfélag, er nái yfir takmarkað svæði. Sé alþýðusambandið því óbundið um það, á hvern hátt það taki ákvörðun um vinnustöðvun. En ef samt yrði talið, að fara þyrfti eftir nefndri 15. gr., þá heimilaði e-liður hennar slíka framkvæmd. Stjórn alþýðusambandsins væri í raun og veru trúnaðarmannaráð í skilningi nefndrar greinar, því henni sé einmitt með lögum alþýðusambandsins veitt heimild til þess að gangast fyrir gagnkvæmum stuðningi stéttarféлага í verkföllum og hafi æðsta vald í mál-efnum sambandsins milli þinga. Nú hafi ákvörðunin um umrædda vinnustöðvun verið samþykkt af 8 úr 9 manna stjórn alþýðusambandsins og þannig verið gerð með þeim meiri hluta atkvæða, sem e-liður 15. gr. tilskilur. En hvernig sem líta beri á ákvæði nefndrar greinar, þá sé það aðalatriðið, að vilji verklyðsfélaganna komi skýrt í ljós, en um hann verði ekki villst, að því er umdeilda vinnustöðvun snerti. Verkamenn hafi ekki mætt til vinnu, og auk þess hafi stefnda borist fjöldi samþykkt og yfirlýsinga frá verklyðsfélögum úti um land, er sýni,

að kröfur stefnda í vinnudeilu þessari séu í samræmi við vilja þeirra, og að þau séu samþykkt ákvörðun hans um vinnustöðvunina.

Stefnandi hefur mótmælt því, að í samningsumboði stefnda frá 1942 geti falizt réttur til þess að ákveða og fyrirskipa vinnustöðvun og heldur því fram, að ekki felist nein viðurkenning á verkfallsrétti stefnda í því, þó ríkisstjórnin semdi við hann s.l. ár. Hann neitar því, að stefndi hafi sjálfstæðan rétt til að gera verkföll, og kveður það ekki geta skipt máli, hver háttur hafi verið á um þetta, áður en lög nr. 80/1938 voru sett. Þá mótmælir hann því, að samþykktir þær og yfirlýsingar frá verklyðsfélögum, sem stefndi hefur lagt fram, séu þannig úr garði gerðar, að talið verði, að með þeim hafi verið fullnægt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938.

Með framangreindri samþykkt alþýðusambandsþingsins árið 1942 var stefnda veitt umboð til þess að ganga til samninga við stefnanda vegna þeirra verklyðsfélaga, er hlut áttu að máli. Ekkert er fram komið um það, að vinnustöðvunarfyrirskipun stefnda, sem í máli þessu greinir, hafi verið beint til annarra en verklyðsfélaga innan alþýðusambandsins og verður vinnustöðvun sú, er hófst 3. þ. m., því ekki metin ólögleg á þeim grundvelli, að stefndi hafi boðað til verkfalls utan vébanda sinna.

Með lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur voru fyrst leidd í lög hér á landi fyrirmæli um það, eftir hvaða reglum stofna mætti til verkfalls og verkbanns. Eru ákvæði um þetta í II. kafla laganna. Í 14. gr. þeirra er kveðið á um það, hverjum sé heimilt að gera verkfall og verkbann, en í 15. gr. þeirra eru ákvæði um það, á hvern hátt stéttarfélög eða félög atvinnurekenda skuli taka ákvörðun um að hefja vinnustöðvun.

Telja verður að upptalning 15. gr. sé tæmandi, enda kemur það ljóst fram í athugasemdum millipinganefndar þeirrar, er samdi frumvarpið að lögnum, því í athugasemdinni við nefnda grein segir beinlínis, að vinnustöðvun, sem samþykkt sé á annan hátt en í greininni getur, sé ólögmet. Ákvörðunin um að hefja vinnustöðvun þá, sem um ræðir í máli þessu og hófst 3. þ. m., var tekin og fyrirskipuð af stefnda, og hefur því ekki verið haldið fram í málinu, að ákvörðun um að hefja hana, hafi verið tekin fyrir 24. apríl í hlutaðeigandi verklyðsfélögum samkvæmt reglum oftnefndrar 15. gr. stéttarféлага-

laganna. Verður lögmati hennar því ekki byggt á þeirri ástæðu.

Er þá að athuga, hvort stefndi hafi að lögum haft sjálfstæðan rétt til þess að hefja vinnustöðvun þessa eða hvort hann hafi fengið umboð til þess frá stéttarfélagunum.

Nú er það svo, að þótt það sé alþýðusambandið, sem ákveðið hefur og fyrirskipað umrædda vinnustöðvun, eru það í reyndinni stéttarfélögin, sem eru í sambandinu (þ. e. félagsmenn þeirra), sem leggja niður vinnu og hefja vinnustöðvun. Eiga því ákvæði 15. gr. laganna beint við um þetta tilfalli. Og þar eð sú grein, eins og áður segir, verður að teljast hafa tæmandi ákvæði að geyma um það, hvernig taka beri ákvörðun um að hefja vinnustöðvun, hefði þurft að taka það sérstaklega fram í lögnum, ef sambönd stéttarfélaga eða stjórnir þeirra ættu að hafa sjálfstæða heimild til þess. Skiptir því ekki máli í þessu sambandi, hvaða reglum kann að hafa verið beitt um þetta fyrir gildistöku laga nr. 80/1938.

Umboð það, er stefndi fékk á alþýðusambandsþinginu 1942, var að sjálfsgöðu nægilegt til þess, að hann gæti gert bindandi samninga við stefnanda um kaup og kjör í vega- og brúavinnu. En til þess að í því umboði gæti falizt réttur til þess að fyrirskipa að hefja vinnustöðvun, hefðu félög þau, er hlut eiga að máli, þurft að gefa stefnda sérstakt umboð, sem veitt hefði verið í samræmi við b-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Nú hefur því ekki verið haldið fram í málinu, að stefndi hafi fengið umboð, er gefið væri með þessum hætti, og getur hann því ekki byggt ákvörðun sína um vinnustöðvun á nefndri samþykkt frá 1942.

Þá verður ekki heldur talið, að stjórn alþýðusambandsins geti hér komið í stað trúnaðarmannaráða þeirra, sem um getur í c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938, þegar af þeirri ástæðu, að ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að lög stéttarfélaga þeirra, er hér eiga hlut að máli, hafi að geyma ákvæði um það, að henni sé þar falið slíkt vald. Það virðist líka vera í andstöðu við tilgang nefndrar 15. gr., sem leggur áherzlu á að félagsmenn í stéttarfélagunum taki sjálfir þátt í ákvörðun um að hefja vinnustöðvun, ef félögin gætu almennt afhent ákvörðunarrétt sinn að þessu leyti í hendur sambandsstjórnarinnar einnar.

Loks verður ekki talið, að stefndi geti nú byggt neinn rétt

til vinnustöðvunar á því, þó stefnandi hafi ekki s.l. vor mót-
mælt verkfalli því, er þá var boðað.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að þar sem ekki
hefur verið gætt skýlausra fyrirmæla 15. gr. laga nr.
80/1938, um ákvörðun um að hefja verkfall það, sem um ræðir
í máli þessu, og hófst 3. þ. m., verði ekki hjá því komizt að
dæma það ólögmætt, og geta yfirlýsingar þær, er borizt hafa
frá verklyðsfélögunum eftir á, um að þau hafi verið samþykk
framangreindri fyrirskipun stefnda, ekki haggð þeirri niður-
stöðu. Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefn-
anda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Verkfall það, er stefndi, Alþýðusamband Íslands, ákvað
að hefja og hófst 3. maí 1944, er ólögmætt.

Stefndi greiði stefnanda, Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar
Íslands, kr. 500.00 í málskostnað, innan 15 daga frá birt-
ingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1944.

Nr. 1/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafé-
lagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen, hrl.).

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verka-
mannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands
með stefnu 24. apríl þ. á. Er málið risið út af ágreiningi um
það, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5.
gr. kjarasamnings, dags. 22. febr. 1944, milli Dagsbrúnar og
stefnda. Orð þetta er talið vera komið inn í samninginn að til-
hlutan sáttasemjara ríkisins eða sáttanefndar, er að sáttum
vann með honum, meðan á samningum stóð.

Í þinghaldi 14. þ. m. óskaði stefnandi eftir fresti til þess að